

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2025, þriðjudaginn 9. september var haldinn 333. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 09:17. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Einar S. Hálfðánarson, Sigrún Guðmundsdóttir og Sunna Jóhannsdóttir. Lárus Finnbogason tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsl. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Einnig tók sæti á fundinum Ingunn Ólafsdóttir. Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um samþykkt borgarstjórnar þann 02.09.2025 á breytingu á samþykkt endurskoðunarnefndar. IER23030005

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd óskar eftir fundi með formanni borgarráðs áður en breytingar á samþykkt endurskoðunarnefndar koma til endanlegrar afgreiðslu.

2. Fram fer umræða um ráðningarferli innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. IER25030010

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd leggur til að hæfnisnefnd um ráðningu innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar verði skipuð þremur óháðum einstaklingum.

Fundi slitið kl. 11:53

Lárus Finnbogason

Einar S. Hálfðánarson
Sunna Jóhannsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir